

## Hlutverk sjóðsins


Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands skiptist í séreignar- og sameignardeild. Séreignardeild Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er ætluð starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Sameignardeild Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands var stofnuð í nóvember 1999. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands starfar samkvæmt lögum nr.127/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Landsbankinn hefur umsjón með eignum sjóðsins, lífeyrisréttindum sjóðfélaga ásamt öllum daglegum samskiptum og þjónustu við stjórn sjóðsins og sjóðfélaga.


## Ummæli sjóðsstjóra

Árið 2007 var mjög viðburðaríkt á fjármálamörkuðum. Fyrri helmingur ársins einkenndist af miklum hækkunum á hlutabréfamörkuðum og lækkingum á skuldabréfamörkuðum samhliða hækkandi ávöxtunarkröfu. Síðari helmingur ársins var fjárfestum mjög erfiður og lækkaði meðal annars Úrvalsvisitala innlendra hlutabréfa um 24%. Ávöxtun sjóðsins var samt sem áður nokkuð yfir ávöxtun flestra lífeyrissjóða og vel yfir langtíma fjárfestingarstefnu sjóðsins sem hefur á undanförunum misserum tekið nokkrum breytingum. Samkvæmt óendurskoðuðu uppgjöri var nafnávöxtun sjóðsins 7,2% eða 1,3% raunávöxtun. Er þessi árangur um 3,6% yfir langtíma viðmiði sjóðsins. Á undanförunum tveimur árum hefur fjárfestingarstefna sjóðsins verið færð mun nær stefnum annara lífeyrissjóða með hækkandi vægi hlutabréfa og framsækinna fjárfestinga, samhliða þeirri aðgerð hefur verið tekin stefna um að verja erlendar eignir gagnvart gjaldeyrissveiflum að hluta til og hefur það dregið verulega úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins á milli mánaða. Með breyttum áherslum mega sjóðfélagar eiga von á heldur meiri sveiflum en hærri ávöxtun til framtíðar.

## Söguleg raunávöxtun



## Eignastaða 1.1.2008



## Fjárfestingarstefna

Eignaflokkar	Lágmark	Hámark	Langtímastefna
Innlend skuldabréf	20,0%	100,0%	42,0%
ábyrgð ríkis	0,0%	100,0%	7,5%
fjármálastofnanir	0,0%	50,0%	14,0%
sveitarfélög	0,0%	50,0%	3,0%
önnur verðbréf	0,0%	50,0%	17,5%
Sjóðfélagalán	0,0%	20,0%	0,0%
Innlend hlutabréf	0,0%	30,0%	15,0%
Erlend verðbréf	0,0%	50,0%	33,0%
Framsækna r fjárfest.	0,0%	12,0%	10,0%

## Stjórn sjóðsins

## Formaður

Björn Ragnarsson, netfang: br@hi.is

## Meðstjórnendur

Sigurðli Ingimarsson

Pórolfur Ólafsson

Jón Björn Sigtryggsson

Teitur Jónsson

## Tengiliðir sjóðfélaga

Iðgjaldaskráning:	Ingibjörg D. Þórunnardóttir s: 410-6836 netfang: ingibjorgt@landsbanki.is
Lífeyrisgreiðslur:	Svanhildur Geirardóttir s: 410-7957 netfang: svanhildur.geirardottir@landsbanki.is
Lífeyrisgreiðslur:	Þórkatla Jónasdóttir s: 410-7948 netfang: thorkatla.jonasdottir@landsbanki.is
Fjárhagsbókhald:	Sigríður Jónsdóttir s: 410-7958 netfang: sigridur.jonsdottir@landsbanki.is
Framkvæmdastjóri:	David Harðarson s: 410-7163 netfang: david.harðarson@landsbanki.is

## Tilkynningar

Sjóðfélögum er bent á upplýsingasíðu lífeyrissjóðsins á vef Landsbanka Íslands, þar má finna upplýsingar um [rafraenar skilagreinar](#), prentvænar skilagreinar, eyðublöð, samþykktir sjóðsins, ársreikninga, kennitölur og ýmsar gagnlegar upplýsingar. Stefnt er að heimasíðan innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir sjóðfélaga og launa-greiðendur, vefslóðin er:

[www.landsbanki.is/lis/tan](http://www.landsbanki.is/lis/tan)